

## AUGLÝSING

### um nýtt hverfisSKIPULAG í Reykjavíkurborg.

*HverfisSKIPULAG fyrir Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, 26. júní 2024, og borgarráð Reykjavíkur, 11. júlí 2024, tillögu að hverfisSKIPULAGI Hlíða, hverfi 3.1 Háteigshverfi, 3.2 Hlíðahverfi og 3.3 Öskjuhlíðarhverfi. HverfisSKIPULAG er ný skipulagsáætlun fyrir gróin hverfi og kemur í stað eldri deiliskipulagsáætlana sem verða felldar úr gildi við samþykkt hverfisSKIPULAGSINS, sbr. heimildaskrá yfir deiliskipulag sem felld er úr gildi.

Helstu markmið hverfisSKIPULAGSINS eru að stuðla að sjálfbærum og vistvænum hverfum, bæta þjónustu, fjölga íbúðum og auðvelda íbúum að sækja um breytingar á fasteignum sínum. Uppdrættir og greinargerð (skilmálar) hafa hlotið meðferð samkvæmt 5. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 6. september 2024.*

**Björn Axelsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 6. september 2024